

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 5. febrúar 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/70/EB um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/114/EB frá 19. febrúar 2003 um þriðju breytingu á ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðra dreps ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/236/EB frá 3. apríl 2003 um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE) í hluta 1.2:

„- **32003 D 0236:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/236/EB frá 3. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 87, 4.4.2003, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB) í hluta 3.1:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 32, 7.2.2003, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 87, 4.4.2003, bls. 12.

- „- **32003 D 0083**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 5. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB L 32, 7.2.2003, bls. 13).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:
- „- **32003 D 0114**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/114/EB frá 19. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2003/83/EB, 2003/114/EB og 2003/236/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.